

Nd.

1164. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Síðastliðin 20 ár hefur Eimskipafélag Íslands haft, með sérstökum lögum, undanþágu frá greiðslu tekjuskatts og eignarskatts til ríkisins, og einnig frá útsvarsgreiðslu að öðru leyti en því, að það hefur borgað til Reykjavíkurbæjar 5% af nettóhagnaði sínum ár hvert. Síðan árið 1928 hefur það skilyrði verið sett fyrir þessum hlunnindum, að félagið borgaði hluthöfum eigi hærrí arð af hluta-fénu en fjóra af hundraði á ári, og enn fremur að það veitti allt að 60 mönnum árlega ókeypiss far til og frá útlöndum með skipum félagsins, samkvæmt út-hlutun menntamálaráðs.

Ríkisstjórnin hefur nú lagt fyrir Alþingi frumvarp um framlengingu á lög-unum um skattgreiðslu Eimskipafélagsins, og hefur frumvarp þetta verið rætt á einum fundi í fjárhagsnefnd Nd. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt, þótt tveir af fjórum nefndarmönnum meiri hlutans skrifi að visu undir nál. með fyrirvara. Ég get hins vegar ekki fallizt á að samþykkja frv., nema gerð verði á því breyting, sem ekki varð samkomulag um í nefndinni, og skila ég því sérstöku nál. og brtt. við frv.

Ég tel, að mál þetta horfi nú allt öðruvisi við en nokkru sinni áður. Í skjóli laganna um undanþágu frá skattgreiðslum hefur félagið að mínu áliti gengið óhæfilega langt í fjársöfnun á síðustu tímum, með því að taka of há færmgjöld af vörum og auka þannig dýrtíðina. Árið 1943 nam tekjuafgangur félagsins, samkv. reikningum þess, rúmlega 18 milljónum króna. En þar við má bæta rúml. 2 millj. kr., sem félagið lagði í eigin váttryggingarsjóð á árinu, og 3½ millj. kr., sem það einnig þá lagði til hliðar vegna væntanlegrar viðgerðar á skipum sínum. Er talið, að á því ári, 1943, hafi átt að fara fram „flokunarviðgerðir“ á fjórum af skipum félagsins, en ekki orðið af þeim framkvæmdum og upphæð þessi því lögð til hliðar til að mæta kostnaði af viðgerðunum síðar. Gróði félagsins á þessu eina ári er því raunverulega yfir 23 millj. króna. En þess má geta, að með útgjöldum á rekstrarreikningi félagsins er talið 1 millj. 688 þús. kr. til frádráttar bókfærðu verði á eignum þess, og er mestur hluti þeirrar fjárhæðar verðlækkun á einu af skipum félagsins, sem áður var bókfært hærra verði en hin skipin.

Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins er hrein eign þess talin um það bil 31 millj. 700 þús. kr. í árslok 1943. Þar að auki eru þær 3½ millj. kr., sem félagið lagði til hliðar vegna viðgerðar á skipunum, eins og áður segir. Af þessari eignaupphæð er rúml. helmingur, samkvæmt reikningnum, gróði á þessu eina ári, 1943. Félagið er nú búið að starfa í 30 ár, en hefur þannig á einu ári safnað í sjóði sína jafnmiklu fé og öll hin 29 árin til samans.

Eignir félagsins eru nú raunverulega miklu meiri en sú hreina eign, sem efnahagsreikningurinn sýnir, vegna þess að skip þess eru bókfærð á aðeins 5 þús-und krónur hvert og fasteignir sömuleiðis bókfærðar mjög lágu verði. Efnahagur félagsins er því mjög góður. Er það sennilega auðugra en nokkurt annað fyrirtæki hér á landi og því öðrum færara um að leysa sinn þátt af þeim viðfangsefnum, sem bíða útgerðarfyrirtækjanna á næstu árum, að endurnýja og auka skipastólinn, bæði flutningaskipa- og fiskiskipaflotann.

Þó að áður hafi verið réttmætt að styrkja Eimskipafélagið til þeirrar nauðsynlegu og þýðingarmiklu starfsemi, sem það hefur með höndum, með því að veita því undanþágu frá skattgreiðslum, er viðhorfið í málum þess nú svo gerbreytt, að ég tel óverjandi af Alþingi að veita þessa undanþágu með sama hætti og áður. Félagið er orðið mjög auðugt á okkar mælikvarða. En þannig er að

öðrum búið, að einmitt á þessu þingi litur út fyrir, að félögum og einstaklingum verði íþyngt með skattaátlögum meira en nokkru sinni áður, og það með alveg óvenjulegum og óviðeigandi aðferðum.

Að málavöxtum athuguðum tel ég því ekki fært að veita Eimskipafélaginu þessi hlunnindi framvegis, nema þá með því móti, að ríkið hafi stórum meiri íhlutun um málefni þess en áður. Ég flyt því brtt. við frv. um nýja leið í þessu máli. Er það tillaga mín, að Eimskipafélaginu verði gefinn kostur á að njóta hlunninda laganna frá 1928 með því skilyrði, að það afhendi ríkissjóði til eignar hlutabréf í félaginu, er jafngildi að nafnverði þeim upphæðum, er það að öðrum kosti ætti að borga í skatta til ríkisins, þar til ríkissjóður hefur eignast hlutafé í félaginu, er jafngildi samanlagðri hlutafjáreign annarra hluthafa. Eftir að því marki er náð, gildi ákvæði áðurnefndra laga, nr. 33 frá 1928, um skatt- og útsvarsgreiðslur félagsins.

Ef samkomulag næst um þessa lausn málsins, getur Eimskipafélagið haldið sjóðum sínum og því fé, er það kann að safna hér eftir, og varið þessum fjárumunum til nýrra verkefna á sviði samgöngumálanna, sem vissulega er mikil þörf að leysa. En um leið væri tryggð nánari samvinna ríkisins og þeirra einstaklinga, er hlut eiga í félaginu, um þessi þýðingarmiklu mál.

Samkvæmt breytingartillögu minni er Eimskipafélaginu í sjálfsvald sett, hvort það nýtur undanþágu frá skattgreiðslum með áðurnefndu skilyrði um þátttöku ríkisins í félaginu eða borgar skatta eftir sömu reglum og önnur hlutafélög.

Ég vil því mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

H/f Eimskipafélagi Íslands er heimilt að greiða tekjuskatt, stríðsgróðaskatt og eignarskatt, er því ber að gjalda til ríkissjóðs, með hlutabréfum í félaginu, er reiknuð séu til skattgreiðslunnar með nafnverði, enda verði engar takmarkanir á atkvæðisrétti á hluthafafundum félagsins að því er hlutafé ríkissjóðs snertir. Eftir að hlutafjáreign ríkissjóðs í félaginu er orðin jafnhá samanlagðri hlutafjáreign annarra hluthafa, gilda ákvæði laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu félagsins.

Alþingi, 20. febr. 1945.

Skúli Guðmundsson.